Hafnarfirði 27. október 2026

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Bt. Skarphéðinn Orri Björnsson form.

Samstarf Geymdar og Hafnarfjarðarbæjar um menningararf

Sjálfseignastofnunin Geymd sem var stofnuð í mars árið 2024, hefur það markmið að halda utan um mynd- og hljóðefni sem Halldór Árni Sveinsson skapaði með starfi sínu við hljóð- og myndatökur af mannlífi, menningu og stjórnsýslu í Hafnarfirði í liðlega 4 áratugi, frá árinu 1983 til 2026.

Halldór heitinn afhenti Geymd allan rétt á efni sínu þar með talinn höfundarétt, en markmið Geymdar er að koma efninu á stafrænt form og til birtingar á vefslóðinni **sagahafnarfjarðar.is** Á þeirri síðu er nú þegar að finna lítið brot af öllu því heildarefni sem þarf að uppfæra og skrásetja áður en hægt er að kom því í formlega birtingu á vefnum.

Með bréfi til bæjarstjóra dags. 25. febrúar 2025 leitaði Geymd eftir stuðningi frá Hafnarfjarðarbæ til hefja vinnu við yfirfærslu á elsta efninu, sem þarf sérstaka meðhöndlun svo hægt sé að koma því á stafrænt form. Bæjarráð fékk erindið til umfjöllunar þann 10. júlí sama ár og tók jákvætt í það og fól þáverandi bæjarstjóra að vinna með málið áfram. Í maí sl. tilkynnti bæjarstjóri í símtali við formann Geymdar um styrkgreiðslu að fjárhæð 1 milljón króna. Sú fjárhæð hefur ekki verið leyst út.

Í septemer sl. áttu fulltrúar Geymdar fund með Þórði Þórarinssyni bæjarstjóra þar sem farið var yfir stöðuna varðandi yfirfærslu eldra efnis og jafnframt leitað eftir samstarfi við bæjaryfirvöld um frekari framgang verkefnisins. Í framhaldi af þeim fundi áttu undirrituð fund með Árdísi Ármannsdóttur sviðsstjóra þjónustu- og þróunarsviðs og Birni Péturssyni bæjarminjaverði.

Þar var m.a. upplýst að búið er að yfirfara allan tækjabúnað og leita tilboða frá sérhæfðum fyrirtækjum til að yfirfæra elsta hluta myndasafnsins yfir á tölvutækt form. Kostnaður við nauðsynlega viðgerð á sérhæfðum tækjabúnaði v. yfirfærslunnar, vinna við yfirfærslu og kaup á diskum er áætlaður um 3 milljónir króna. Hægt er að hefja vinnu við að bjarga þessu elsta efni, um leið og fjármagn er tryggt til verksins.

Einnig var á fundinum rætt um tillögur að útfærslu samstarfsverkefnis milli Geymdar og Hafnarfjarðarbæjar um heildarfrágang á uppsöfnuðu efni inn á vefsíðu Halldórs heitins, *saga hafnarfjardar.is* Jafnframt var rætt um aðgengi bæjarins að þeim upptökum af bæjarsjórnarfundum liðinna áratuga sem eru í varðveislu Geymdar.

Í framhaldi af þessum viðræðum, óskar Geymd eftir því við Hafnarfjarðarbæ að gengið verði frá formlegum samstarfssamningi aðila um þetta mikilvæga verkefni til að tryggja til framtíðar varðveislu þessa umfangsmikla söguefnis Hafnarfjarðar og Hafnfirðinga. Með slíku samstarfi verði tryggt opið aðgengi bæjarbúa og annarra áhugasamra að þessu efni til komandi framtíðar.

Lagt er til að gerður verði styrktarsamningur til næstu 4ra ára sem tryggi samfellu í vinnu við yfirfærslu og frágang á þessu efni og að verkinu verði að fullu lokið innan tilgreinds samningstíma. Samningurinn taki gildi frá nk. áramótum og gildi út árið 2030.

Geymd mun annast varðveislu og alla umsjón með vinnslu efnisins – en höfundréttarvarið efni af öllum upptökum frá bæjarstjórnarfundum verði fært til eignar, varðveislu og umsjónar hjá Hafnarfjarðarbæ.

Við lok samnings og endanlega yfirfærslu alls efnis inná vefsíðuna *sagahafnarfjarðar.is* verði öllu efninu, flokkuðu og fullskráðu, komið til varanlegrar varðveislu hjá Kvikmyndasafni Íslands.

Með ósk um góðar undirtektir

Fyrir hönd sjálfseignastofnunarinnar Geymdar

Valgerður Sigurðardóttir, formaður *Lúðvík Geirsson, varaform.*